

1859.

15. sept.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um linun í afgjaldi af konungsjörðum á vesturlandi.

Dómsmálastjórnin hefur borið upp fyrir konungi mál það, sem um er rætt í bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 9. dag desemberm. f. á., og hefur hans hátign 9. þ. m. allramildilegast fallt á þær tillögur stjórnarinnar, að leiguliðum á þjóðjörðum í vesturumdæminu á Íslandi enn í 3 ár, er talin sæu frá fardögum 1858, veitist sú hin sama linun í landskuldargjaldi af ábúðarjörðum sínum, sem þeir hafa verið að njótandi nú á seinni árum; en það er á þann hátt, að þeir greiði $\frac{5}{8}$ landskuldarinnar eptir fornu verðlagi, en $\frac{1}{8}$ með peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á hverju ári; þó skal bjóða umboðsmanni að hækka landskuldina við ábúandaskipti, eptir nákvæmari ákvörðun amtmanns í hvert sinn, þegar slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

11. október. **43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sýslumannsins í Skagafjarðar sýslu, um kornlán¹.**

Í bænarskrá, er þér senduð amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, en hann hefur hingað sent, hafið þér, herra kammerráð, farið þess á leit, að Skagafjarðar sýslu verði veitt leigulaust peningalán til þess að kaupa fyrir 300 tunnur af rúgi, 150 tunnur af bankabyggi og 150 tunnur af baunum, til þess að fyrirbyggja hallæri, er menn annars óttast fyrir í sýslu þessari á næsta vetri.

Með því nú skýrslur þær, er hingað bárust, um ástandið í sýslunni og um vörubýrgðir á verzlunarstöðunum, votta um það, að málefni þetta er mjög mikils varðandi, hefur Skaga-

1) s. d. var amtmanninum yfir norður- og austur-umdæminu sent eptirrit af bréfi þessu, og hann beðinn að leggjast á eitt með sýslumanni, til þess að annast um, að kornvörum þeim, er hér ræðir um, yrði varið sem haganlegast.

fjarðar sýslu verið veitt lán það, er um var beðið, og verður 1859.
 feð tekið inn í fjáráukalög konungsríkisins. Dómsmálastjórnin 11. október.
 hefur síðan hlutast til um, að keyptar væru og sendar til
 sýslunnar vörur þær, sem til eru greindar á skrá þeirri, er með
 fylgir, en það eru 300 tonn af rúgi, 150 tonn af banka-
 byggi og 150 tonn af baunum; fara vörur þessar nú með
 skipinu „Elinna“, er Siwertz skipstjóri ræður fyrir, og verða
 lagðar upp í Hofsós, svo þeim síðan verði úthlutað eptir fyrir-
 sögn yfirvaldsins.

Verð það, sem greitt hefur verið fyrir vörur þessar, eru
 8 rd. fyrir rúgtunnuna, 11 rd. fyrir tunnu af bankabyggi og
 9 rd. fyrir tunnu af baunum; en það er samtals 5400 rd.;
 innibindur verð þetta bæði kaupverðið á vörunum og allan kostnað,
 er leiðir af flutningi þeirra til Íslands og úthlutun; og má
 því láta hlutaðeigandi sveitir eður einstaka menn fá þær við
 þessu verði.

Þegar ríkisþingið er búið að samþykkja fjáráukalögin, mun
 yður, herra kammerráð, verða tilkynnt, hve langur borgunarfrestur
 sé veittur með lán þetta, og hverjum skilmálum það að
 öðru leyti verði bundið.

Að endingu sé yður falið það á hendur, eptir nákvæmari
 fyrirmælum amtmanns, að ákveða hvernig úthluta skuli korn-
 vörum þessum, og vonast dómsmálastjórnin eptir, að þér,
 svo sem vera ber, látið yður annt um að þeim verði úthlutað
 með sem mestri nærgætni verða má, svo tilganginum verði full-
 nægt; eruð þér og beðnir að senda með skipinu aptur vottorð
 yðar um það, að vörurnar hafi komið til skila, og seinna meir
 nákvæma skýrslu um, hvernig þeim hafi verið varið.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins 14. október. yfir Íslandi, um borgun til sýslumanna fyrir ferðir í kláðamálinu.

Eptir reikningi þeim og fylgiskjali, sem er með bréfi þessu,
 hefur sýslumaðurinn í Árnes sýslu heimtað 54 rd. í borgun fyrir